

## Fundargerð stjórnar Félags rannsóknarstjóra á Íslandi

### 19. fundur 23.08. 2017 kl. 09:30 – 10:30

Mættir: Ásta Sif Erlingsdóttir, Elísabet M. Andrésdóttir, Eiríkur Smári Sigurðarson, Oddný S. Gunnarsdóttir.

1. Heimsókn Gill Wells. Eiríkur Smári sækir hana á flugvöllinn 2. september en Ásta Sif mun aka henni til baka 6. september.

Skipulag:

Mánudaginn 4. sept. Hefur hún boðist til að koma í heimsóknir á stofnanir. Elísabet telur að áhugi sé í Rannís að fá hana í heimsókn og Oddný athugar áhuga á heimsókn á LSH.  
Þriðjudagur 5. sept. verður hún með fyrirlestrar frá kl 10-16 Í MATÍS  
Míðvikudagur 6. sept. verður hún með fyrirlestur í Háskóla Íslands fyrir rannsóknastjóra

2. Viðburðir vetrarins

Rannís í samvinnu við Félag rannsóknastjóra mun skipuleggja námskeið 18. október um um fjármál verkefna í Horizon 2020. Áætlað er að halda upplýsingafund um Uppbyggingasjóð EES í samstarfi við Rannís, trúlega munu Viðar Helgason og Ragnhildur Zoëga sjá um kynninguna. Þessi fundur er áætlaður í nóvember 2017